

Fundargerð 85. fundar skólanefndar Fjölbrotaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: miðvikudagur 17. febrúar 2021 klukkan 16:30 á Teams.

Viðstaddir á Teams:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Ragnheiður Arnardóttir áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fyrsta fjarfund skólanefndar og bauð fundarmenn velkomna á fund. Forseti NFSN og áheyrnarfulltrúi nemenda, Ragnheiður Arnardóttir boðin sérstaklega velkomin á sinn fyrsta fund.


Dagskrá:

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð samþykkt samhljóða og verður sett á netið.

1. Kennsla á tímum Covid.

Kennsla á Covid tímum hefur gengið mjög vel í FSN. Nemendur og kennarar búa yfir mikilli færni í fjarnámi. Haustönn 2020 hófst með því að nemendur voru þjálfaðir og undirbúnir fyrir Teams kennslu ef til þess kæmi. Þegar reglugerð um takmörkun á skólastarfi var breytt þannig að nemendur gátu ekki allir verið í skólanum á sama tíma var starfsfólk og nemendur vel undirbúið fyrir Teams kennslu. Starfsfólk FSN er búið að standa sig með mjög vel í baráttunni við Covid og að lifa með Covid. Áheyrnarfulltrúi kennara sagði frá sinni reynslu. Kennarar hófu kennslu á Teams og reyndist það mjög auðvelt mál. Kennarar í FSN eru mjög tölvulæsir. Fjarnemendur fundu engan mun á kennslu á Covid tímum eða ekki kennslu á Covid tímum. Skólameistari sagði frá niðurstöðu rannsóknar frá Rannsóknunum og greiningu. FSN kemur frábærlega út. Allir nemendur mega mæta núna.



2. Stundatöflufyrirkomulag á vorönn 2021 – Tilraunaverkefni.

Öllum kreppum fylgja einhver tækifæri. Það var ákveðið á haustönn að leggja af stað með tilraunaverkefni þar sem engin hefðbundin kennsla er í FSN á föstudögum. Nemendur og kennarar mæta á Teams. Kennarar virðast almennt vera ánægðir með fyrirkomulagið. Áður voru fjórir 50 mínútna tímar en núna eru tveir 60 mínútna tímar. Það skiptir minna máli hvaða kerfi er í gangi fyrir góða nemendur því þeir eru góðir í öllum kerfum. Við þurfum meira að huga að þeim nemendum sem standa verr.


Áheyrnarfulltrúi nemenda sagði að nemendum finnist erfiðara að læra á Teams og heima. Flestum nemendum finnst samt fínt að hafa bara verkefnatíma á föstudögum. Einhverjum nemendum finnst 60 mínútna tími aðeins of langur og 50 mínútna langur tími væri þá aðeins betra. Nemendur virðast vera að mæta ágætlega eftir Covid en það mun verða skoðað betur í sjálfsmatshópi.

Samsetning á nemendahópi FSN er að breytast því staðnemendum við FSN er að fækka en á sama tíma fjölgar fjarnemendum þannig að nemendafjöldi helst óbreyttur. Rekstrargrundvöllur fyrir mötuneyti og skólabíla er miklu minni vegna fækkunar staðnemenda.

Formaður skólanefndar sagði frá því að SSV hafi fengið styrk til þess að skoða það að samtvinna almenningssamgöngur, skólabíla og strætó. Fundarmenn velta fyrir sér hvort hægt væri að samnýta ferðir fyrir unga fólkið sem stundar íþróttir í öðrum byggðakjörnum. Strætó og skólabíll er að keyra á nánast sama tíma í dag.

3. Nýtt starfsfólk.

Gunnlaugur Smáráson hóf kennslu við FSN á haustönn í stærðfræði. Sigríður Ólöf Sigurðardóttir hóf kennslu í dönsku við FSN á haustönn. Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir, í framhaldsdeildinni tók að sér að verða stuðningsfulltrúi á ný. Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir kom fyrst inn í forföllum við stærðfræðikennslu en hefur nú verið ráðin. Svavar Steinarr Guðmundsson hóf kennslu í íslensku vegna fæðingarorlofs Þiðriks Arnar Viðarsonar en Þiðrik er í námi, fæðingarorlofi og kennir einn áfanga við FSN. Tveir starfsmenn hættu um áramót því rekstrargrundvöllur mötuneytis er mjög lítill. Nemendur hafa verið fáir í mat og lítill stöðugleiki og



Því ekkert annað hægt en að loka. Vonir standa til að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða. Árni Ásgeirsson kennir eingöngu að heiman vegna veikinda á heimili og Covid. Það hefur gengið vel. Einn kennari kemur úr Reykholti einn dag í viku, annar kennari kemur einn dag í viku frá Bifröst. Jakob Bragi Hannesson er í námsleyfi í eitt ár og Solveig Guðmundsdóttir er í launalausuleyfi í eitt ár.

4. Ytra mat.

Samkvæmt lögum skal fara fram innra og ytra mat í öllum framhaldsskólum. Ytra mat skal gera á fimm ára fresti samkvæmt lögum. Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati er allt starf FSN skoðað með augum utanaðkomandi úttektaraðila. Úttektaraðilar taka viðtöl við starfsmenn, nemendur og fleiri. Úttektaraðilar komu í síðustu viku og skoðuðu skólann. Skólameistari fær send drög að skýrslu og hefur tækifæri til þess að koma með andmæli. Skólameistari sagði frá því að árið 2015 á fyrstu önn sinni sem skólameistari var ytri úttekt. Ytra mat býður upp á ýmsa möguleika til að bæta og breyta skólastarfinu. Það eru gríðarlega dýrmætar upplýsingar sem koma fram í skýrslu úttektaraðila sem og tækifæri til þess að gera betur.

Hvernig gengur nemendum með annað móðurmál að fóta sig í FSN? Rætt var um stöðu nemenda með annað móðurmál. Íbúar á Snæfellsnesi með erlent ríkisfang eru nærri 20% íbúa. Aðstoðarskólameistari hefur reynt að hvetja nemendur til þess að fara í stöðupróf en nemendur eru oft ekki vel læsir eða skrifandi á móðurmáli.

Það eru 37 nemendur í FSN með annan eða báða forráðamenn með annað móðurmál. Nemendur með erlent ríkisfang eru 17 í FSN á vorönn 2021. Oft vantar ÍSAT nemendum móðurmál. ÍSAT nemendur eru nemendur með íslensku sem annað tungumál.

Klára þessir nemendur framhaldsskóla? Orðaforði ÍSAT nemenda er oft skertur. Flokkar og breytur eru margar og félagsleg staða mjög misjöfn. Brottfall er algengara hjá þessum hópi. Allar máltökurannsóknir sýna að ef þú hefur ekki góð tók á móðurmáli þínu þá er erfiðara að ná góðum tókum á öðru, þriðja eða fjórða



tungumáli. Móðurmál er algjört lykilatriði og er mjög misjafnt hvar nemendur standa.

FSN er með móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur. FSN getur gert betur og mætti kannski útbúa gátlista með grunnskólunum á svæðinu. Það ætti einnig að vera hægt að láta meiri upplýsingar fylgja með nemendum úr grunnskólum en ný lög um persónuvernd eru að flækja upplýsingagjöf. Það eru til próf sem heita á milli mála. Að kenna þessum nemendum móðurmál þarf að vera í höndum heimilanna. Það þarf að styrkja málumhverfið sem þau búa við. Margir þessa nemenda horfa til dæmis ekki á íslenskt sjónvarp og taka minna þátt í félagsstarfi utan skóla. Í Snæfellsbæ er 38% af nemendum á yngsta stigi af erlendu bergi brotin.

Grunnskólinn í Snæfellsbæ, leikskólinn í Stykkishólmi og FSN ætla að standa fyrir menningarmóti. Þessir þrjú skólar sóttu um styrk til þessa samstarfsverkefnis, og vonandi fá þeir styrkinn.

5. Nemendafjöldi og breyting á nemendahópi.

Nemendur við FSN eru 183. Staðnemendur eru 103, þar af eru 22 nemendur í framhaldsdeildinni og fimm nemendur á Kvíabryggju. Það er mikill fjöldi fjarnemenda á vorönn 2021, eða 80 talsins. Flestir fjarnemenda eru úr Snæfellsbæ. Kvenkyns nemendur við FSN á vorönn 2021 eru 97 og karlkyns nemendur eru 86. Fjarnemendur eru hluti af nemendum í FSN. FSN góður fjarnámsskóli og það má auglýsa hann sem slíkan. Fjarnemendur eru að standa sig vel og koma sömu nemendur aftur og aftur. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur einnig lýst yfir ánægju með fjarnám við FSN.

6. Stefna FSN til þriggja ára.

a) Stefna FSN 2021-2023.

Skólameistari vinnur stefnu á hverju ári til þriggja ára. FSN ætlaði að kafa dýpra ofan í stefnu fyrir skólann í fyrra en jafnlaunavottun og Covid tóku lengri tíma en gert var ráð fyrir. Það liggur fyrir að fara í frekari stefnumótun fyrir FSN. Fundarmenn hvattir til þess að renna yfir stefnuna heima og taka hana til frekari umræðu á næsta fundi.



7. Önnur mál.

- Forseti NFSN sagði frá félagslífi í FSN. Nemendur mættu í öskudagsbúningum í dag og seldu vöfflur. Það hefur verið reynt að gera eitthvað þrátt fyrir Covid. Nemendur héldu fótboltamót um daginn, í tíma, fengu leiklýsendur og horfðu á í FSN. Það er búið að halda tvisvar sinnum bílabíó. Nemendur voru með jólabingó á Zoom sem heppnaðist vel. Félagslíf nemenda í framhaldsskólum á Íslandi hefur að mestu leyti legið niðri. Núverandi reglugerð gildir til 28. febrúar. Nemendur reyna að gera það sem má.
- Nýjungar sem boðið hefur verið uppá? Hvernig gengur okkur með þær? Frestað til næsta fundar.
- Stjórn Jeratúns ehf. sem er í eigu sveitarfélaganna og stjórnendur FSN hafa verið að hittast og átt góða fundi. Á síðasta fundi var ákveðið að formaður skólanefndar myndi bjóða mennta- og menningarmálaráðherra í heimsókn í FSN. Nefndarmenn tóku mjög vel í hugmyndina og lýsa yfir ánægju með það að bjóða ráðherra í heimsókn.
- Rafhleðslustöð er komin í gagnið við FSN og er opin fyrir alla. FSN óskað til hamingju með áfangann.
- Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 17. mars klukkan 16:30.

Fundið slitið klukkan 17:52.